



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**125. fundur svæðisskipulagsnefndar  
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 8. mars 2024  
og hófst hann kl. 13:30.**

**Fundinn sátu:**

Elís Guðmundsson, Harpa Þorsteinsdóttir, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Karen María Jónsdóttir, Orri Björnsson, Pawel Bartoszek, Stefán Már Gunnlaugsson, Sævar Birgisson og Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

**Dagskrá:**

**1. Uppfærsla leiðbeininga fyrir hönnun hjólastíga - kynning - 2305010**

Kynning á uppfærslu hjólastígaleiðbeininga sem Vegagerðin og SSH gáfu út árið 2019. Svæðisskipulagsnefnd samþykkti í fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 og 2024 að styrkja uppfærsluna. Verkefnastjóri EFLU tekur þátt í fundinum undir þessum lið.

**Gestir**

Ragnar Gauti Hauksson, samgönguverkfræðingur, EFLA -

**2. Áherslur 2022-2026: Leiðarljós 3 - Alþjóðleg samkeppnishæfni - 2003003**

Fyrirliggjandi eru áherslur svæðisskipulagsnefndar fyrir kjörtímabilið 2022-2026 sem voru samþykktar á 110. fundir dags. 14. október 2022 þar sem segir:

„Á síðari hluta kjörtímabils verði unnið að leiðarljósi 3 (Aukin alþjóðleg samkeppnishæfni) í gildandi svæðisskipulagi. Svæðisskipulagsnefnd mun beita sér fyrir skráningu á staðsetningu starfa og umfangi starfa án staðsetningar sbr. aðgerð 3.1.2. Svæðisskipulagsnefnd mun beita sér fyrir samstarfi sveitarfélaga á suðvesturhorninu í samræmi við markmið 3.2 í svæðisskipulagi.“

Á fundinum var farið yfir stöðu aðgerða sem falla undir leiðarljós þrjú en til grundvallar var greining ALTA: Mat og rýni á framfylgd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, dags. 19. júní 2020.

*Yfirferð verður haldið áfram á næsta fundi nefndarinnar.*

**3. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003**

Að beiðni formanns er til umræðu heimsóknir nefndarinnar.

*Formanni falið að kanna möguleika á fundi með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis í samræmi við umræður fundarins.*



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

#### **4. Ferðavenjukönnun 2024 - 2208002**

Til umræðu er framkvæmd ferðavenjukönnunar fyrir árið 2024. Síðasta ferðavenjukönnun var unnin haustið 2022 og kynnt í byrjun árs 2023. Könnunin var unnin í samstarfi við Vegagerðina, Skipulagsstofnun, Húsnæðis og mannvirkjastofnun, Strætó og Innviðaráðuneytið.

*Lagt er til að hafinn verði undirbúningur að gerð ferðavenjukönnunar 2024 í samræmi við samþykktar áherslur nefndarinnar.*

#### **5. Samgöngusáttmáli - staða helstu verkefna - kynning - 2003010**

Fulltrúi Betri Samgangna ohf. kynnir stöðu helstu verkefna samgöngusáttmála. Óskað var eftir kynningunni í samræmi við áherslur svæðisskipulagsnefndar fyrir kjörtímabilið 2022-2026. Áður höfðu fulltrúar Betri samgangna kynnt á 114. fundi dags. 17. febrúar 2023.

##### **Gestir**

Próstur Guðmundsson, forstöðumaður verkefna og áætlana, Betri Samgöngur ohf -

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.**